

## **2. mál Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um að árið 2010 verði tileinkað velferð barna í Reykjavík**

**Porleifur Gunnlaugsson:** Forseti, borgarfulltrúar. Ég vil taka undir óskir til borgarfulltrúa og starfsmanna borgarinnar um gleðilegt ár með þökkum fyrir samstarfið á síðasta ári og síðustu árum og ég þakka líka fyrir að fá þessa tillögu tekna hér á dagskrá. En fyrir þennan fund, eins og hér var rætt áðan, lá frammi tillaga um að árið 2010 yrði tileinkað íslenskri hönnun en þeirri tillögu var breytt eins og við þekkjum. Þetta vakti þó upp hugsanir um það að ekki væri úr vegi að tileinka árið ákveðnu máli og þegar við í borgarstjórnarflokki VG fórum að ræða málið fannst okkur raunar að um góða hugmynd væri að ræða. Að tileinka árið 2010 hönnun er að mínu mati góðra gjalda vert en það á að sjálfsögðu við um fleira og auðvitað kemur margt til greina. Það má nefna atvinnu- og framkvæmdamál, íþróttir og tómstundir, mannréttindi og fjölmenningu, ferða- og menningarmál og svo mætti lengi telja. Að hugsuðu máli var þó eitt sem stóð upp úr þegar við fórum að ræða málið og var raunar rauði þráðurinn í fjárhagsáætlunarvinnu okkar sem við tókum nokkra mánuði í. Við tókumst á um ýmislegt en í málflutningi allra flokka var það eitt sem stóð upp úr en það var að öll töluðum við um það að vilja forgangsraða í þágu barna eða velferðarmála með sérstaka áherslu á börn.

Við höfum öll áhyggjur af vaxandi fátækt þeirra sem viðkvæmasta öryggisnetið hafa. Minnkandi kaupmáttur, samfara auknu atvinnuleysi, vonleysi og ringulreið í samfélaginu. Þetta ógnar öryggi og velferð þeirra sem síst geta borið hönd yfir höfuð sér: barnanna í borginni. Við höfum ítrekað rætt það hér að þjóðir sem hafa upplifað fjármálahrun í líkingu við það sem Íslendingar eiga nú við að etja hafa lent í miklum vanda í tengslum við velferð barna sem leitt hefur til fjölgunar og þyngingar barnaverndarmála. Við höfum áhyggjur af því að bágur efnahagur foreldra geti aftrað því að börn njóti skólamáltíða og á sama hátt er rætt um að tannlækningar séu jafnvel of kostnaðarsamar fyrir fátækasta barnafólkið. Í kreppunni sem við horfum nú upp á eru því miður auknar líkur á upplausn heimila og vandamálum sem fylgja fátækt, vonleysi og uppgjöf. Við þær aðstæður er börnum sem frá slíkum heimilum koma sérstaklega hætt og það er jafnvel enn mikilvægara fyrir þau að fá að njóta veru í leikskólum og frístundaheimilum alveg burt séð frá því hvort foreldrar greiði gjöldin. Aukið álag á Barnavernd

Bstj. 5. janúar 2010

Reykjavíkur, bæði hvað varðar fjölda tilkynninga og þyngd mála, undirstrikar alvöru málsins og því er brýn nauðsyn að huga vel að velferð barna á þessu ári.

Aðgerðahópur um málefni barna var skipaður af borgarráði í sumar og í honum eru fulltrúar allra flokka í borgarstjórn. Hann hefur það hlutverk að afla sér upplýsinga sem víðast. Hann á að vinna með embættisfólki borgarinnar sem starfar í aðgerðahópi velferðarráðs og hópnum börnin í borginni og að auki er honum ætlað að afla upplýsinga hjá Barnavernd Reykjavíkur, Barnaverndarstofu og öðrum sem að málinu koma og ástæða þykir til að leita til.

Tillaga okkar, borgarfulltrúa Vinstri grænna, er þá þessi:

Borgarstjórn samþykkir að árið 2010 verði tileinkað velferð barna í Reykjavík.

Og í greinargerð segir:

Velferð barna er að sjálfsögðu viðvarandi verkefni sveitarstjórna en við þær aðstæður sem nú eru uppi er ástæða til að leggja enn sterkari áherslu þar á. Þó að nokkuð hafi borið á milli í áherslum og skilgreiningum meiri- og minnihluta er ljóst að allir flokkar gerðu sitt besta til að forgangsraða í þágu barna og velferðar við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2010. Brýnt er að áfram verði unnið á þeirri vegferð þannig að starf á vegum borgarinnar í þágu menntunar, uppeldis og velferðar barna verði sérstaklega í forgrunni á nýju ári. Lagt er til að aðgerðahóp um málefni barna verði falið að útfærar tillöguna og gera tillögur til borgarráðs.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson hefur lokið máli sínu og þá tekur til máls hæstvirtur borgarstjóri.

## **2. mál Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um að árið 2010 verði tileinkað velferð barna í Reykjavík**

**Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir:** Forseti, borgarfulltrúar. Ég þakka þessa tillögu sem borgarfulltrúinn hefur kynnt og tek undir með því sem hann hefur sagt og mér finnst því mjög vel lýst í greinargerð tillögunnar þar sem kemur fram að nokkuð hafi borið á milli í áherslum og skilgreiningum meiri- og minnihluta er ljóst að allir flokkar gerðu sitt besta til að forgangsraða í þágu barna og velferðar við gerð fjárhagsáætlunar fyrir 2010, ég held að þetta sé bæði rétt og satt og kemur einmitt fram bæði í greinargerðum og inngangi í fjárhagsáætlun næsta árs, að það er velferð barna sem er okkur öllum hugleikin við þessar aðstæður og við teljum öll að þurfi að forgangsraða sérstaklega í þágu þess. Ég held líka að Þorleifur Gunnlaugsson sé að endurspegla mjög vel það sem aðgerðahópurinn upplifði á ferð sinni um Norðurlöndin nú í haust þegar við fórum þangað til að reyna að afla okkur reynslu og þekkingar frá nágrannaþjóðum okkar um hvernig best væri að halda á málum við þær aðstæður sem nú eru hér uppi og þær brýningar voru mjög skýrar og afdráttarlausar, að það væri velferð barna, sérstaklega þeirra barna sem þurfa á ákveðinni aðstoð að halda, sem verður að vera í forgrunni.

Ég held að við höfum öll reynt að halda þannig á spilum og spöðum að þannig sé gengið frá fjárhagsáætlun borgarinnar og þannig sé forgangsröðunin og mér finnst það vel til fundið hjá Vinstri grænum að leggja til að árið verði tileinkað þessum áherslum borgarstjórnar, tel það vera í góðu samræmi við þá vinnu sem við höfum öll lagt á okkur og ágætt fyrir okkur að hafa það bara skýrt og ljóst sem leiðarljós þannig að við séum ekkert að takast á um það heldur sé árið tileinkað þessu verkefni og ég held líka að það séu mörg verkefni sem undir þetta falla. Ég nefni til dæmis það að borgarstjórn hefur samþykkt að halda barnalistahátíð á yfirstandandi ári og ýmis verkefni sem tengjast áherslu á börn og fyrir börn og framtíðina. Þannig að ég, hæstvirtur forseti, tel að tillagan sé góð, ég legg til að tillagan verði samþykkt og að borgarstjórn sameinist um þær áherslur sem hér eru kynntar og lagðar fram.

**Forseti:** Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Jórunn Frímansdóttir.

**2. mál Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um að árið 2010 verði tileinkað velferð barna í Reykjavík**

**Jórunn Frímannsdóttir:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég vil nú byrja á að segja gleðilegt ár, takk fyrir það gamla og þau gömlu. Ég vil þakka borgarfulltrúa Þorleifi Gunnlaugssyni fyrir þessa tillögu og tel að þetta sé vel við hæfi núna að við tileinkum einmitt árið 2010 börnum og því mikilvæga starfi sem við þurfum að vinna hér í þágu barna í borginni, ekki síst á þessum tímum. En mig langar aðeins, það er auðvitað margt sem við höfum verið að gera og eins og kemur fram í greinargerð tillögunnar erum við kannski ekki alltaf alveg á einu máli en ég held að við höfum náð að lenda málum mjög vel í okkar góða samstarfi á síðastliðnum árum og við erum að gera okkar allra besta í þágu barna hér í borginni. Við erum auðvitað með hópa hér að störfum sem eru að huga að málefnum barna, börnin í borginni sem er einn hópurinn, sem er stór hópur og fer yfir lykiltölur frá viku til viku varðandi það hvernig gangi með frístundaheimilismál, með matvælamál barna og aðrar tölur sem auðvelt er að rýna í og meta út frá þeim tölum hvernig staðan er hverju sinni.

Við höfum verið að reyna að bæta okkur eins og við frekast getum að mæta þörf hverju sinni, eins og með breytingum á fjárhagsaðstoðarreglum þar sem við tókum tillit til barna sérstaklega í grein 16 a) og rýmkuðum hana til þess að geta hjálpað fólki strax um leið og sverfur að í þeirra málum. Nú, við erum að gera vel í forvarnamálum og höfum virkilega hugsað um þau á þessum tímum og passað okkur að vera ekki að draga saman í þeim málum sem lúta að börnum hér í borg.

En bara enn og aftur; takk fyrir þessa góðu tillögu, ég tek heilshugar undir með borgarstjóra að við samþykkjum tillöguna eins og hún er fram komin. Takk.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Jórunn Frímannsdóttir hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir.

**2. mál Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um að árið 2010 verði tileinkað velferð barna í Reykjavík**

**Björk Vilhelmsdóttir:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég óska ykkur öllum gleðilegs árs og þökk fyrir samstarfið á liðnu ári. Við fulltrúar Samfylkingarinnar sátum hjá við þá tillögu sem hér var lögð fram því okkur fannst ekki hægt að samþykkja að árið væri tileinkað hönnun og líka að það yrði tileinkað velferð, börnum og atvinnu, eins og við höfðum lagt til að yrði gert. Ekki hér formlega, en við vorum búin að kynna það okkar samstarfsflokki í minnihlutunum að við myndum leggja fram breytingatillögu um að árið yrði tileinkað velferð, börnum og atvinnuuppbyggingu. En það var ákveðið hér að leggja fram tillögu um velferð barna og við munum styðja það en okkur fannst það skrítið að það væri hægt að samþykkja tillögu um að tileinka árið hönnun og velferð barna og við getum bara tekið ýmislegt annað, ég get lagt hérna fram þá tillögu um það sem vantaði í tillögu borgarfulltrúa Þorleifs Gunnlaugssonar um atvinnuuppbyggingu því það er af svo mörgu að taka og það þarf að taka á mjög mörgu í dag og við í borgarstjórn þurfum að gera það og gerðum það sannarlega, eins og borgarstjóri sagði, að hluta til í fjárhagsáætlunarvinnunni en það var bara vinna fjárhagsáætlunar þessa árs en það er svo margt eftir. Þannig að ég ætlaði bara að tilkynna það hérna að við höfum hugsað okkur að samþykkja tillöguna um að tileinka árið velferð barna og skýra út af hverju við sátum hjá við afgreiðslu hinnar tillögunnar.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls hæstvirtur borgarstjóri.

## **2. mál Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um að árið 2010 verði tileinkað velferð barna í Reykjavík**

**Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir:** Forseti, borgarfulltrúar. Aðeins vegna þess sem borgarfulltrúinn nefndi um að hér væri hægt að tileinka árið ýmislegu, sem er auðvitað alveg rétt, en þá minni ég bara á það sem ég sagði í ræðu minni margsinnis hér áðan að orðalaginu í tillöggunni númer eitt var breytt vegna þess að það hefði mátt skilja það þannig að það væri verið að gera það sem við erum að gera núna varðandi velferð barna, þannig að orðalaginu var breytt þannig að það er ekki verið að ganga hér frá tveimur samhljóða tillögum vegna þess að borgarfulltrúinn sagði: við getum tileinkað árið hönnun, við getum tileinkað það börnum, og svo framvegis. Þessi tillaga gengur út á það að árið verði á vettvangi borgarstjórnar tileinkað velferð barna, hitt var sérstakt átak í hönnunarverkefnum, þannig að það er búið að útskýra það margsinnis á fundinum og þess vegna undraðist ég og undrast það enn að borgarfulltrúar Samfylkingarinnar hafi ekki tekið þátt í slíku átaki og telji ekki ástæðu til þess að taka þátt í því en það er þeirra mál, en þetta eru ekki tvær samhljóða tillögur. Þetta er annars vegar sérstakt átak sem fjallar um hönnun og allt sem kemur þar fram og síðan er hér tillaga sem við ræðum núna um að árið verði tileinkað velferð barna. Þannig að bara til þess að skerpa og skýra það ef það hefur farið framhjá mönnum í fyrri umræðu.

**Forseti:** Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Fleiri hafa ekki óskað eftir að taka til máls og þá verður tillagan lögð undir atkvæði hér á þessum fundi. Þeir sem samþykkja tillöguna, það er búið að kynna hana mjög ýtarlega, óþarfi að lesa hana upp, þeir sem samþykkja fyrirleggjandi tillögu, gefið merki. Það er verið að leggja hér undir atkvæði tillögu frá borgarfulltrúum Vinstri grænna sem er þannig, hún er afar stutt en góð: Borgarstjórn samþykkir að árið 2010 verði tileinkað velferð barna í Reykjavík. Síðan fylgir henni greinargerð. Er óskað eftir því að hún verði lesin upp líka? Það er ekki óskað eftir því ... Ef óskað er eftir því að greinargerð verði lesin upp, þá verður forseti að sjálfsögðu við þeirri ósk. Hún er þannig, greinargerðin:

Velferð barna er að sjálfsögðu viðvarandi verkefni sveitarstjórna en við þær aðstæður sem nú eru uppi er ástæða til að leggja enn sterkari áherslu þar á. Þó að nokkuð hafi borið á milli í áherslum og skilgreiningum meiri- og minnihluta er

Bstj. 5. janúar 2010

ljóst að allir flokkar gerðu sitt besta til að forgangsraða í þágu barna og velferðar við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2010. Brýnt er að áfram verði unnið á þeirri vegferð þannig að starf á vegum borgarinnar í þágu menntunar, uppeldis og velferðar barna verði sérstaklega í forgrunni á nýju ári. Lagt er til að aðgerðahóp um málefni barna verði falið að útfærar tillöguna og gera tillögur til borgarráðs.

Þeir sem samþykkja þessa tillögu gefið merki. Hún er samþykkt með 15 greiddum atkvæðum. Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur óskað eftir að gera grein fyrir sínu atkvæði.

**2. mál Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um að árið 2010 verði tileinkað velferð barna í Reykjavík**

**Ólafur F. Magnússon:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég vil vekja athygli á því að allar tillögur F-listans, bæði í borgarstjórn og borgarráði, sem varða hagræðingu í þágu velferðar- og menntakerfisins í borginni hafa verið stráfelldar á báðum vettvöngum af fulltrúum alls fjórflokksins sem ég hef oft kallað 14-1 flokkinn þegar komið er að velferðarmálum, menntamálum og almannahagsmunum í Reykjavík. Ég styð þessa tillögu eðlilega en bendi á að það sem manni finnst blómstra umfram allt annað í þessari borg á þessum tímum eru ofurframkvæmdir við tónlistar- og ráðstefnuhús niðri við höfnina. Hvergi sér maður meiri kraft og hraða í borginni og þar á sama tíma og skorið er niður í velferðar- og menntakerfinu. Mér finnst votta fyrir svolítilli hræsni í málflutningi þeirra sem tala mikið um velferð en hika síðan við að berjast gegn flotræfilshætti í forgangsröðun hjá borginni.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur lokið við að gera grein fyrir sínu atkvæði og þá hefur borgarfulltrúi Dofri Hermannsson óskað eftir að gera grein fyrir sínu atkvæði.

**2. mál Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um að árið 2010 verði tileinkað velferð barna í Reykjavík**

**Dofri Hermannsson:** Forseti, borgarfulltrúar. Aðeins örstutt um þetta. Mér finnst þetta nú hálfgerð klúður. Hér hafa flokkar í minnihluta kynnt hvor öðrum, eða allavega okkar flokkur, kynnt að við höfum ákveðið að vera með breytingatillögu sem gengur út á velferð, börn og atvinnu og úr því verður að samþykkja hér á þessum fundi að tileinka árið einhverju, af hverju samþykkjum við þá ekki þá tillögu sem gengur lengra? Hér vantar atvinnupartinn inn í þetta, af hverju tileinkum við ekki árið líka þá atvinnu? Atvinnu, velferð og börnum eins og við höfðum hugsað okkur í Samfylkingunni. Af því að ef það er þörf á einhverju þá er það auðvitað að tileinka þetta ár atvinnu og atvinnuuppbyggingu. Þannig að ég hefði kosið að það væri með þeim hætti og vildi bara gera grein fyrir því við þessa atkvæðagreiðslu.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Dofri Hermannsson hefur lokið við að gera grein fyrir sínu atkvæði og forseti vill upplýsa að sú tillaga sem gengið var til atkvæða um nú rétt áðan lá fyrir fundinum. Aðrar tillögur ekki þannig að það eru ekki fleiri tillögur sem eru hér til umfjöllunar á þessum fundi.